

Málstofur

Valddreifing, virk samvinna og vinnuaðstaða í íslenskum grunnskólum í anda lærdómssamfélagsins....	2
Ævintýrlegt jafnrétti. Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskólastarfi.....	3
Hvers vegna grafa börn í moldarbörð? Kynning á handbók um útikennslu – útikennsluverkefni 5-6 ára barna.....	4
Reynsla deildarstjóra í leikskóla af samskiptum við erlendra foreldra sem ekki tala íslensku.....	5
Jafnréttisfræðsla í leikskólanum Lundarseli.....	6
VAXA STARFSÞRÓUNARLÍKANID Heildræn nálgun í starfsþróun kennara - frá hugmynd að veruleika....	7
Grenndaraðferð og grenndarkennsla í ljósi sögunnar.....	8
Teymiskennsla á unglingastigi.....	9
Teymiskennsla á yngra stigi.....	10
Um svala sjóræningja og penar prinsessur, eðlisgreinda drengi og iðnar stúlkur. Menningarlegar rætur kynjamunar í skólastarfi.....	11
Innleiðing nýrra kennsluhátta – til hvers?.....	12
Hvað einkennir árangursríka innleiðingu iPad í skólastarfi?.....	13
Fjölskyldumeðferð í skólum.....	14
Starfendarannsókn nemanda eykur námsávinning hans.....	15
Hefur hefðgróin heimavinna gengið sér til húðar?.....	16
Læsisverkefni á öllum skólastigum?.....	17
Leikur er barna yndi.....	18
Breytingar á kennsluháttum í dönsku í MA.....	19
Menntandi nám.....	20
„Þú þarft að vera búinn að afla þér þekkingar á mjög mörgum sviðum til þess að geta sýnt góða fagmennsku.“ Reynsla fimm leikskólakennara af eigin fagmennsku, andstæðum viðhorfum í samfélaginu og sýn á leikskóla framtíðarinnar.....	21
„Maður var alveg spenntur og svona smá kvíðinn“ Reynsla nemenda á unglingastigi af því að vera í skóla sem lagður er niður og hefja nám í nýjum skóla.....	22
Þróunarverkefni í upplýsingasamfélagi - styrkir til alþjóðasamstarfs.....	23
„Við höfum mjög lítinn tíma til að byggja í skólanum því við þurfum svo mikið að læra“. Að byggja brú á milli leikskóla og grunnskóla.....	24
Starfendarannsókn ráðgjafa á innleiðingarferli aðalnámskrár.....	25
Styðjandi aðhald foreldra nemenda í framhaldsskóla.....	26
Spegluð kennsla.....	27
Að ganga menntavegin klyfjaður hæfileikum og gáfum, bölvun eða blessun?.....	28
Vinnan við skólanámskrá í leikskólanum lðavelli.....	29
„Leikur og lærdómssamfélagið“ Vinaliðaverkefnið í Skagafirði.....	30
Þróunarsveitarfélag - Ný hugsun í átt að betri framtíð.....	31

Lærdómssamfélag í þelamerkurskóla við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár?	32
Starfsfóstraverkefnið Workmentor - Málstofa á ensku	33
Málstofa um vinnustaðanám	34
Nám á fullorðinsárum	35
Fjármálalæsi – Tilraunverkefni mennta-og menningarmálaráðuneytisins	36
Að leggja grunn að góðu læsi	37
Torg sem vettvangur símenntunar	38
Hvað er eru góð vinnubrögð í kennslu sem byggir á tölvusamskiptum? Mat á fjarkennslu VMA	40
Fágæti og furðuverk - Lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla	41
Forysta í fjölmenningsumhverfi	42
Ég, samskipti og samfélagið - Nýr áfangi fyrir starfsbrautarnemendur við VMA	43
What Might Large Scale Arts Assessments Mean For You?	44
Málstofa um kynjafræði	45
Endurskoðun skólanámskrár. Faglegt lærdómssamfélag um starfsþróun	46
Menningar- og náttúrulæsi í MA	47
Ofnæmi og óþol, sérfæði og matarpakkar	48
Að lesa innihaldslýsingar á umbúðum matvæla	49
Stjórnunarhættir í leikskóla : reynsla deildarstjóra af hlutverki sínu og annarra í stjórnendateyminu	50
Rafræn kennsla	51
Nýtt heildstætt námsefni í íslensku á mið- og unglingastigi	52
Mindstorms frá LEGO	53

Valddreifing, virk samvinna og vinnuaðstaða í íslenskum grunnskólum í anda lærdómssamfélagsins

Í mars sl. var gerð viðamikil könnun meðal kennara í 63 grunnskólum víða um land á stöðu lærdómssamfélagsins. Markmiðið var að meta stöðu þriggja þátta í skólunum: Valddreifingu við ákvarðanatöku innan skólans, virka samvinnu um skólaþróun og umbætur og vinnuaðstöðu kennara. Könnunin samanstóð af völdum atriðum úr matslista Huffman og Hipp frá 2003. Þær hafa á undanförunum árum unnið í Bandaríkjunum að því að greina og efla grunnskóla í að aðlag faglegt starf og viðhalda því sem lærdómssamfélag. Könnunin var liður í árlegu sjálfsmati skólanna, hún var nafnlaus og lögð fyrir af þriðja aðila í gegnum sjálfsmatkerfið Skólapúlsinn. Hér er um að ræða fyrsta mat í langtímaathugun á þróun lærdómssamfélagsins í íslenskum grunnskólum og verður gögnum safnað árlega á hverju voru næstu 5 ár. Niðurstöðurnar fyrstu könnunarinnar eru nýttar til að leggja mat á stöðu lærdómssamfélagsins í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður eru metnar m.a. eftir stærð skóla, starfsánægju innan skólans, viðhorfa til stjórnunar skólans, reynslu kennara og menntunarstigi.

Almar Miðvík Halldórsson

Ævintýralegt jafnrétti. Þróunarverkefni um jafnrétti í leikskólastarfi

Í erindinu er fjallað um þróunarverkefnið Ævintýralegt jafnrétti sem unnið er með fjögurra ára börnum í leikskólanum lðavelli í vetur. Greint er frá fyrstu skrefum í undirbúningi og skipulagningu og þau sett í samhengi við Aðalnámskrá leikskóla og grunnþáttinn jafnrétti.

Markmið verkefnisins er að vinna með og efla jafnréttisvitund leikskólabarna. Börnum og kennurum er skapað tækifæri til að takast saman á við viðteknar hugmyndir um kynjahlutverk og unnið er að því að efla gagnrýna hugsun barna í gegnum sögugerð og leik. Þau æfast í að semja sögur á skapandi hátt út frá jafnréttis- og kynjasjónarmiðum og greina og vinna með möguleika og takmarkanir í hugmyndum um kynjahlutverk.

Anna Elísa Hreiðarsdóttir lektor við Háskólann á Akureyri

Hvers vegna grafa börn í moldarbörð? Kynning á handbók um útikennslu – útikennsluverkefni 5-6 ára barna

Í erindinu verður kynnt mastersverkefni í náms- og kennslufræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands með áherslu á útikennslu.

Handbókin er tvíþætt og skiptist í fræðilega umfjöllun um útikennslu og verkefnasafn. Fjallað verður stuttlega um fræðilega hluta handbókarinnar þar sem komið verður inn á fræðilegan grunn, opinbera stefnumörkun og mikilvægi útiveru og útikennslu ungra barna.

Einnig verða hugmyndir af útikennsluverkefnum fyrir elstu börn leikskóla og yngstu börn grunnskóla kynnt. Meginmarkmið með gerð verkefnanna er að stuðla að auknu vægi útikennslu í námi ungra barna. Verkefnin miðast við að börnin upplifi viðfangsefnin með því að fást við þau á vettvangi við raunverulegar aðstæður og öðlist um leið jákvæða reynslu af náttúru og umhverfi. Von mín er sú að kennarar geti nýtt sér verkefnin í starfi og þau kveiki áhuga kennara á nýta sér náttúru og umhverfi sem áhugavert kennsluumhverfi sem stuðli að aukinni útikennslu ungra barna.

Anna Gunnbjörnsdóttir leik- og grunnskólakennari Krógabóli

Reynsla deildarstjóra í leikskóla af samskiptum við erlendra foreldra sem ekki tala íslensku

Fólksflutningar milli landa hafa aukist með vaxandi hnattvæðingu. Með opnari landamærum og alþjóðlegum vinnumarkaði er hafin þróun sem hefur áhrif á íslenskt samfélag, þar með skólasamfélagið. Einsleitni hefur vikið fyrir fjölbreytni og margbreytileika. Skólar þurfa þess vegna að bregðast við aukinni fjölbreytni í foreldrahópnum ekki síður en barnahópnum, og kennarar þurfa að takast á við að eiga samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku, og jafnvel ekki ensku eða önnur þau mál sem íslensku skólafólki er fært að tjá sig á.

Aðlögun barna og foreldra þeirra að leikskólanum er mikilvægur þáttur í starfi deildarstjóra. Þeir hafa veg og vanda af allri skipulagningu innan hvernar deildar og bera höfuðábyrgð á foreldrasamstarfi. Það hvílir því að mestu á herðum þeirra að koma á gagnvirkum samskiptum við alla foreldra og stuðla að samvinnu um nám og þroska hvers barns. Tilgangur meistararannsóknarinnar höfundar var því að skoða reynslu deildarstjóra í leikskólum af samskiptum við erlendra foreldra sem ekki tala íslensku. Einnig var litið til þeirra bjarga sem deildarstjórunum standa til boða og þeir velja að nýta sér. Í málstofunni verður greint frá helstu niðurstöðum spurningakönnunnar sem send var í 91 skóla víðs vegar um landið árið 2012.

Anna Lilja Sævarsdóttir (M.ed.) leikskólakennari og deildarstjóri við leikskólann lðavöll á Akureyri.

Jafnréttisfræðsla í leikskólanum Lundarseli

Leikskólinn Lundarsel hefur undanfarin ár unnið með bókina Þegar Friðrik var Fríða & þegar Rósa var Ragnar sem allir leik- og grunnskólar landsins fengu að gjöf frá Jafnréttisstofu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu vorið 2009. Í vinnu sinni hafa kennarar á Lundarseli haft það að leiðarljósi að börnin átti sig betur á því að allir eru jafnir, strákar og stelpur mega það sem þau vilja, - kyn á aldrei að hamla, hefta eða loka á óskir. Áhersla er lögð á að vinna með börnunum í formi umræðna, opinna spurninga og allskonar verkefnavinnu um kynin. Kennarar reyna að vera vakandi fyrir tækifærum til umræðu og góðar fyrirmyndir, því það læra börn sem fyrir þeim er haft.

Í málstofunni er sagt frá jafnréttisvinnu leikskólans og kennsluleiðbeiningar með bókinni kynntar.

Nánari upplýsingar. Árið 2009 gaf Jafnréttisstofa og Félags- og tryggingamálaráðuneytið út barnabókina Þegar Friðrik var Fríða & þegar Rósa var Ragnar með stuðningi Þróunarsjóðs námsgagna. Bókin sem er eftir Louise Windfeldt og Katrine Clante kom út í tengslum við þróunarverkefnið Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum sem var samstarfsverkefni Jafnréttisstofu, félags- og tryggingamálaráðuneytisins og fimm sveitarfélaga.

Leikskólinn Lundarsel á Akureyri tók þátt í verkefninu og var bókin Þegar Friðrik var Fríða & þegar Rósa var Ragnar notuð í heimspekivinnu með leikskólabörnum. Starfsfólk Lundarsels vann kennsluleiðbeiningar með bókinni sem nú hafa verið tilraunakenndar í skólanum í nokkur ár. Síðast liðinn vetur voru kennsluleiðbeiningarnar styttaðar og betrubættar og verða þær gerðar aðgengilegar á netinu nú í haust. Útgáfa kennsluleiðbeininga með bókinni, sem á að vera til í öllum leik- og grunnskólum landsins, er ætlað að styðja skólana við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár með áherslu á jafnréttisstoðina.

Helga María Þórarinsdóttir deildarstjóri á leikskólanum Lundarseli.

VAXA STARFSÞRÓUNARLÍKANID Heildræn nálgun í starfsþróun kennara - frá hugmynd að veruleika

Umhverfi kennara tekur sífelldum breytingum vegna utanaðkomandi krafna, s.s. stefnu stjórnvalda, breytinga á kennaranámi og aukinna faglega krafna sem gerðar eru til kennara. Fræðimenn eru sammála um að það þurfi að prófa nýjar leiðir í starfsþróun og benda á að samvinna innan skólasamfélaga sé vænlegur kostur.

Í erindinu er greint frá þróun VAXA starfsþróunarlíkansins, allt frá hugmynd sem kviknaði í meistaranámi við Menntavísindasvið HÍ að tilraunum til að fylgja hugmyndinni eftir við raunverulegar aðstæður.

VAXA starfsþróunarlíkanið er heildræn nálgun að stefnumiðaðri starfsþróun kennara. Líkaninu er ætlað að vera skýr leið í starfsþróun, byggð á skilningi á þörfum starfandi kennara. Í VAXA líkaninu er starfsþróun skipt niður í fjórar grunnviddir sem skiptast í innri og ytri þætti. Innri þættirnir snúa að fagmennsku og einstaklingnum sjálfum, en ytri þættirnir snúa að samvinnu og skólasamfélaginu. Hverri vídd VAXA líkansins er skipt upp í þrjá lykilþætti starfsþróunar sem eru; starfsþróun, markmið og sameiginleg sýn, og leiðir.

Leitað er leiða til að festa starfsþróun í sessi sem stöðugt endurnýjunarferli ævináms. Ætlunin er að virkja mannauðinn sem býr innan skólasamfélagsins til að auka samvinnu, ryðja burtu hindrunum við starfsþróun og efla faglegt starf.

Í erindinu verður lýst þeim leiðum sem farnar voru til að koma af stað starfsþróun innan fjögurra grunnskóla í Garðabæ, með því að nota VAXA starfsþróunarlíkanið. Þróun VAXA hefur farið fram á vettvangi í samvinnu við grunnskólasamfélagið í Garðabæ frá árinu 2011. Ein afurð VAXA líkansins er Menntaklif, skólasamfélag Garðabæjar sem var formlega stofnað haustið 2012.

Segja má að VAXA sé leið til þess að takast á við áskorunina sem felst í auknum kröfum um starfsþróun og hæfniþróun kennara í síbreytilegu skólaumhverfi. Með VAXA líkaninu er byggð brú milli háskóla og kennara á vettvangi um leið og stuðlað er að nýbreytni í skólastarfi.

Sjá nánar á eftirfarandi vefslóð: <http://hdl.handle.net/1946/16047>

Ásta Sölvadóttir

Grenndaraðferð og grenndarkennsla í ljósi sögunnar

Grenndaraðferð og grenndarkennsla eru nýleg hugtök sem taka á marga lund til gamalkunnra hugmynda um nám og kennslu. Á árum áður voru þau gjarnan tengd við átthagafræði. Margir skólar nota margvíslegar aðferðir af þessum toga með frumlegum hætti nú á dögum og hver lærir af öðrum.

Í málstofunni verður einkum litið til baka og kannað hvort og hvaða hugmyndir íslenskir skólamenn höfðu um grenndaraðferðina á um hálfri aldar skeiði, 1880 til 1930. Greint verður frá nýrri rannsókn sem beindist að því hvað þeir einstaklingar sem lögðu grunn að núverandi skólaskipulagi hérlandis höfðu til málanna að leggja á þessu sviði. Meðal niðurstaðna má nefna að á óvart kemur hversu margir höfðu ákveðnar skoðanir um málefnið og jafnframt hversu ítarlega þeir studdu afstöðu sína. Sumir gerðu það á þjóðræknisgrunni, aðrir með uppeldisfræðilegum rökum. Meðal þeirra sem koma við sögu eru Einar Ásmundsson í Nesi, Ögmundur Sigurðsson frá Bíldsfelli, Guðmundur Finnbogason frá Arnstapa, Jónas Jónsson frá Hriflu og Steingrímur Arason frá Þverá. Sérstaklega verður staldrað við framlag þess síðastnefnda þar sem hann veltir fyrir sér námskrágerð og hve mikilvægt er að hún taki mið af áhugasviðum barna. Undir lokin verður velt upp spurningum um hvort og hvernig hugmyndir hinna gengnu hugmyndasmiða ríma við þær sem nútíminn lofar sem grunnþætti menntunar í nýjum aðalnámskrám leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Ruth Margrét Friðriksdóttir meistaranemi við kennaradeild HA

Bragi Guðmundsson prófessor við kennaradeild HA

Teymiskennsla á unglingastigi

Í þessu erindi mun kennarateymi 8.9.10.bekkjar í Naustaskóla segja frá hvernig þau skipuleggja samkenndu árganga, samþættingu námsgreina, teymiskennslu og verkaskiptingu ásamt því að segja frá skipulagi kennslu á unglingastigi á opnu svæði.

Aníta Jónsdóttir, Atli Sveinn Þórarinnsson, Ása Katrín Gunnlaugsdóttir og Magnús Jón Magnússon

Teymiskennsla á yngra stigi

Í þessu erindi greinir kennarateymi 2.-3. bekkjar í Naustaskóla frá hvernig teymiskennsla þeirra er skipulögð. Greint verður frá markmiðum teymiskennslunnar í Naustaskóla, þeim verklagsreglum sem teymin vinna eftir, hlutverki umsjónarkennara ásamt því að kennarar teymisins segja frá reynslu sinni af teymiskennslu.

Halla Óladóttir, Kristín Sigurðardóttir, Sunna Alexandersdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir

Um svala sjóræningja og penar prinsessur, eðlisgreinda drengi og iðnar stúlkur. Menningarlegar rætur kynjamunar í skólastarfi

Talsverður munur er á árangri stúlkna og drengja í PISA prófunum. Stúlkum á Íslandi hefur að jafnaði gengið mun betur en drengjum í öllum greinum prófanna. Þessi munur er á landsvísu, hann hefur ekki reynst tengjast ákveðnum skólum eða landshlutum og ekki ákveðinni námsgrein. Þessi kynjamunur í námsárangri virðist fyrst og fremst menningarbundinn. Sams konar kynjamunur (og nátengdur) kemur fram í lestrarvenjum skólabarna í alþjóðlegum rannsóknum, t.d. í PISA og evrópsku ESPAD-rannsókninni; stúlkur hafa mun meiri áhuga á lestri en drengir, þær lesa oftar og fjölbreyttara lesefni. Þessi kynjamunur tengist ekki eðli drengja og stúlkna því enginn kynjamunur kemur fram á fyrsta stigi læsispróunar en bilið milli viðhorfa kynjanna til yndislesturs breiðkar með aldrinum. En hvað er það sem mótar drengi og stúlkur sem lesendur, hvað veldur því að þau líta lestur og nám ólíkum augum? Hvaða menningarlegu þættir eru það sem stjóra kynjunum í sundur að þessu leyti? Hér verður rýnt í menningu yngstu barnanna; barnabækur, bíómyndir og dótakassa í leit að rótum kynjamunar í skólastarfi. Slíkt barnaefni á ríkan þátt í að móta sjálfsmynd barna og hugmyndir þeirra um eigin stöðu; hvað þau geta, mega og hvernig þau eiga að vera. Skoðað verður hvaða skilaboð felast í barnaefni og hvernig það mótar og heftir bæði stúlkur og drengi. Getur verið að kynjað barnaefni eigi einhverja sök á ólíkri stöðu stúlkna og drengja í skólum? Kallast svölu sjóræningjarnir og penu prinsessurnar á við hugmyndir unglunga um eðlisgreinda piltinn og iðnu stúlkuna, erum við að glíma við gamaldags hugmyndir um útiveröld drengja og inniveröld stúlkna sem stimpla lestur stelpulegan? Og ef svo er, hvað er til ráða? Hvernig er staðið að jafnréttisfræðslu í skólastarfi og kennaramenntun?

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri

Innleiðing nýrra kennsluhátta – til hvers?

Í maí 2013 gerði Garðabær samstarfssamning við Heimspekistofnun Háskóla Íslands um að annast rannsóknir á tengslum heimspeki við kennslu í leik- og grunnskólum Garðabæjar.

Samstarfssamningurinn er framhald þróunarstarfs sem unnið hefur verið í Garðabæ undanfarinn áratug að frumkvæði heimspekikennara. Samningurinn er fyrstur sinnar tegundar hér á landi en ekki hefur áður verið unnin markviss rannsókn á möguleikum og gildi heimspekilegrar nálgunar í skólastarfi. Sambærileg verkefni hafa þó verið unnin víðs vegar um heiminn á undanförunum áratugum. Markmið rannsóknarinnar er að auka þekkingu kennara á því hvernig hægt er að nýta heimspekilega samræðu sem kennsluaðferð í leik- og grunnskólum, að efla skilning þeirra á því hvernig hægt er að nýta samræðuna til innleiðingar á grunnþáttum menntunar í skólastarfi og að byggja upp reynslu þeirra á þessu sviði. Þátttakendur rannsóknarinnar fá leiðsögn í heimspekilegri samræðu sem kennsluaðferð og í aðferðafræði starfendarannsókna. Verkefnið er til tveggja ára, undirbúningsvinna hefst haustið 2013 og lýkur rannsókninni vorið 2015.

Rannsóknarverkefnið sem hér er lýst er skammt á veg komið en hugmyndavinnan og hugmyndafræðin að baki því á sér lengri sögu sem og samfélagslegar og fræðilegar rætur. Í málstofuerindinu er fjallað um tilurð og markmið rannsóknarverkefnisins, um heimspekikennslu og heimspekilega aðferðafræði í kennslu og um tilgang og markmið þessa þátta í menntun. Erindið byggir á rannsóknarvinnu höfundar síðustu ár á heimspekikennslu, heimspekilegri- og gagnrýnni hugsun, heimspeki menntunar og hlutverki. Þar ber einna helst nefna meistararitgerð höfundar, Gagnrýnin hugsun: einkenni hennar og hlutverk við sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands.

Í erindinu verður reynt að varpa ljósi á þær spurningar sem vakna í þessu samhengi sbr.: Hvernig og hvers vegna á að innleiða nýja kennsluhætti? Eru nýjir kennsluhættir endilega betri en þeir sem fyrir eru? Hver eru markmið menntunar og með hvaða hætti ber að meta þau?

Elsa Haraldsdóttir

Hvað einkennir árangursríka innleiðingu iPad í skólastarfi?

Sagt verður frá frumniðurstöðum nokkurra rannsókna á breytingu kennsluhátta með notkun iPad og bent á leiðir til að tryggja að innleiðing skili sér í bættu skólastarfi, m.a. með markvissri markmiðasetningu. Rætt verður um helstu hindranir og áhættur við innleiðingu.

Einnig verður rætt um innleiðingu forritunarkennslu, aðferðarfræði og mögulegan ávinning.

Loks verður sagt frá samfélagsverkefninu Forritarar framtíðarinnar, en því er ætlað að styðja við grunn- og framhaldsskóla sem vilja auka fjölbreytni í tækni- og forritunarnámi.

Ragnar Þór Pétursson

Fjölskyldumeðferð í skólum

Markmiðið með fjölskylduráðgjöfnni er að vera brú á milli heimilis og skóla, þegar um er að ræða börn í vanda. Lagt er upp með að kennarar geti bent foreldrum á fjölskylduráðgjöf sem úrræði til lausnar fyrir börn sem sýna vanlíðan og/eða hegðunarvanda í skóla. Verkefninu er ætlað að vera fyrirbyggjandi, þar sem börnin fá aðstoð áður en þau sýna merki um verulegan félagslegan eða sálrænan vanda. Markmiðið er að styðja við velferð og þroska barna eins og segir í lögum leik, grunn og framhaldsskóla. „Þá skal skólarnir leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“

Flestum ber saman um mikilvægi samstarfs heimila og skóla. Oftast eru samskiptin góð og nægjanlegt að þau fari fram í reglulegum samskiptum og foreldraviðtölum. En fyrir þau börn sem eiga við vanlíðan að glíma, er aukin samvinna heimilis og skóla nauðsynleg. Verkefnið miðar að því að bæta þjónustuna innan skólakerfisins og að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Einnig samræmist verkefnið lögum um grunnskóla sem segir m.a. í 2. gr. „Grunnskóli skal stuðla að góðu samstarfi heimilis og skóla með það að markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.“

Víða í rannsóknum kemur fram að þörf sé á bættu samstarfi skóla við fjölskyldur. Þegar upp koma erfiðleikar er þörf á meiri samvinnu og oft er hægt að sækja áður óbeislaðan kraft til góðra verka frá fjölskyldunum. Þá er mikilvægt að líta á þau áhrif sem fjölskyldan hefur í félagslegu samhengi sem óneitanlega birtist innan veggja skólans. „Félagslegt hlutverk fjölskyldunnar hefur ekki alltaf verið skýrt og er ólíkt eftir stað og stund. Þrátt fyrir það hefur fjölskyldan í gegnum tíðina verið frumhópur einstaklinga sem hefur verndað og veitt stuðning í gleði og sorg en jafnframt fengið friðhelgi og skjól fyrir valdbeitingu og ofbeldi fyrir friðhelgi einkalífsins.“(Sigrún Júlíusdóttir, 2001)

Er lokaverkefni fjögurra nema í fjölskyldumeðferð við Endurmenntun Háskóla Íslands 2013 þeirra Ástu Arnbjörgu Pétursdóttur, Fanneyju Jónsdóttur, Hönnu Björgu Héðinsdóttur og Ólínu Freysteinsdóttur.

Starfendarannsókn nemanda eykur námsávinning hans

Starfendarannsóknir nemenda við Menntaskólann á Akureyri gefa ástæðu til þess að ætla að umtalsverður ávinningur gæti orðið í starfsþróun nemenda í námi sínu.

Starfendarannsóknir eru til þess að gera nýlegt fyrirbæri sem kennarar hafa í auknum mæli tekið upp vegna starfsþróun þeirra. Aðferðin hefur almennt gefist mjög vel og gengur út á formlega rannsókn á sjálfum sér, umhverfi sínu og áhrifaþáttum. Í grunnin er sjónarhornið þetta; það sem gagnast kennurum vel til að þróast og þroskast í starfi gæti gagnast nemendum vel í starfsþróun sinni sem námsmenn. Það var alla vega hugmyndin þegar farið var af stað með verkefnið „Starfendaþróun nemenda“ við Menntaskólann á Akureyri síðastliðið skólaár. Ávinningur nemendanna sem tóku þátt varð meiriháttar.

Það reyndist töluvert flókið að koma verkefninu á, sérstaklega hvernig leggja ætti það fyrir því starfendarannsókn er að mörgu leyti sérstök rannsókn og það getur verið erfitt að útskýra hana í þaula áður en lagt er af stað. Mörg ljón reyndust í veginum en að lokum tókst að finna leiðina áfram, ekki síst vegna aðkomu Hafþórs Guðjónssonar við Háskóla Íslands, og rannsóknin var framkvæmd af ólíkum hópum sitt hvora önnina á síðasta skólaári.

Þeir nemendur sem framkvæmdu rannsóknina höfðu af henni persónulegan ávinning. Nemendur sem höfðu misst takið á námi sínu fundu það aftur. Nemendur sem voru þjakaðir af álagi fundu leiðir til að létta því af sér. Nokkrir rannsökuðu félagslegt samhengi sitt og komust út úr einangrun, aðrir náðu taumhaldi á sjálfum sér og þörfinni fyrir að eiga síðasta orðið, alltaf.

Niðurstaða verkefnisins gefur ástæðu til þess að máta þetta frekar inn í skólastarf framhaldsskólanna.

Geir Hólmarsson kennari við Menntaskólann á Akureyri

Hefur hefðgróin heimavinna gengið sér til húðar?

Síðastliðin ár hefur umræða um heimavinnu oft borið á góma, m.a. efasemdir um að hún stuðli að árangri í námi og að hún samrýmist þörfum og lífsháttum barna og fjölskyldna í nútímanum. Lífsgæði geta falist í ótal tækifærum til athafna utan skólans svo rétt er að hafa í huga hvað gildi heimavinna hefur en á því eru margar ólíkar skoðanir. Rannsóknir hafa leitt í ljós misvísandi niðurstöður en þær umfangsmestu gefa til kynna að heimavinna geti stuðlað að auknum námsárangri eftir því sem ofar dregur í skólakerfinu en að því geti verið öfugt farið þegar um yngri börn ræðir. Í erindinu verður vikið að stöðu heimavinnu með hefð, lög, reglur, námskrár, menntastefnu, rannsóknir og togstreitu í umræðu um heimavinnu í huga. Í þeirri umfjöllun verður vikið að gildi heimavinnu í leik-, grunn- og framhaldsskóla.

Guðmundur Engilbertsson lektor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

Læsisverkefni á öllum skólastigum?

Yfir 70 grunnskólar taka, eða hafa tekið þátt, í þróunarverkefninu Orði af orði sem hefur að markmiði að efla læsi, orðaforða og lesskilning nemenda í grunnskóla. Að baki verkefninu eru traustar hugmyndafræðilegar stoðir, skýr hugmynd um námsferli og margs konar ólíkar leiðir til að efla læsi og námsárangur. Verkefnið hefur verið lagað að fjölbreytilegum aðstæðum, s.s. mismunandi aldri nemenda og ólíkum námssviðum og ekkert er því til fyrirstöðu að byggja öflugt þróunarstarf í læsi á grunni verkefnisins í leik- og framhaldsskóla. Í erindinu verður rætt um gildi orðaforða fyrir læsi og nám á öllum skólastigum og fjallað um leiðir til að efla læsi með hliðsjón af reynslu höfundar. Lykilhugmyndir verkefnisins Orðs af orði verða kynntar og gerð grein fyrir áhrifum verkefnisins á orðaforða, lesskilning og viðhorf barna og ungmenna til lesturs. Stuðst verður við gögn úr rannsókn höfundar, matsskýrslur skóla og ýmis konar mælingum á skólastarfi, m.a. úr Skólapúlslinum.

Guðmundur Engilbertsson lektor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri.

Leikur er barna yndi

Vinna við verkefnið hófst í ágúst 2011 og lauk í janúar 2013. Markmiðin með verkefninu voru að auka gæði frjálsa leiksins, nýta betur húsnæði og leikefnivið skólans og dýpka þekkingu og færni starfsfólks til að vinna í anda hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi, sem fjallar um flæði. Áður en þróunarverkefnið fór formlega af stað var breytingarferli hafið innan skólans en styrkurinn gerði okkur kleift að ráðast í framkvæmdina af fullum krafti.

Í málstofunni verður farið yfir framkvæmdaferlið, sagt frá rannsókn á viðhorfi foreldra og starfsfólks til nýrrar stefnu leikskólans og loks gerð grein fyrir niðurstöðum skráninga sem skýrsluhöfundar gerðu á leik nemenda og þátttöku og líðan starfsfólks meðan á verkefninu stóð. Að lokum verða dregnar saman helstu niðurstöður og upplifanir okkar.

Guðrún Lára Magnúsdóttir leik- og grunnskólastjóri, Ásgarði og Borðeyri.

Breytingar á kennsluháttum í dönsku í MA

Með nýrri skólanámsskrá var ákveðið að ráðast í breytingar á dönskukennslunni í MA. Í stað þess að danska væri kennd í 1. og 2. bekk er hún nú kennd í 3. og 4. bekk. Samhliða þessum flutningi var ákveðið að breyta kennsluháttum og taka mið af skólasýn MA og nýrri aðalnámsskrá framhaldsskólanna. Meðal breytinga er meðal annars að nú er Evrópska tungumálamappan lögð til grundvallar fyrir nemendur til að meta eigin framfarir. Þeir hafa einnig meira um námið að segja, til dæmis með vali á viðfangsefnum og skilaformi verkefna. Markmið breytinganna er meðal annars að gera nemendurnar virkari, sjálfstæðari og hæfari til að meta eigin færni.

Í málstofunni verður farið yfir þær breytingar sem ráðist var í og rætt hvernig til hefur tekist. Það er þó með þeim fyrirvara að þær eru enn að mótagast og fullsnemmt að segja mikið um útkomuna.

Hafdís Inga Haraldsdóttir og Selma Hauksdóttir

Menntandi nám

Við upphaf skólahalds á Íslandi var skólamönnum á borð við Guðmund Finnbogason og Magnús Helgason umhugað um að skólastarf snerist ekki einvörðungu um að veita nemendum þekkingu. Hitt væri sýnu mikilvægara að námið væri sannmenntandi, að vitsmunir barnanna þroskuðust á náminu. Helst lítur út fyrir að þessi hugmynd hafi ekki náð að festa rætur, að hún hafi þegar á reyndi fallið í skuggann af hugmyndinni um samræmda miðlun mælanlegrar þekkingar. Nú ber hins vegar svo við að hugmyndin um menntandi nám er aftur komin á dagskrá. Nýjar aðalnámskrár fyrir grunn- og framhaldsskóla boða nýjar áherslur. Nú skal lögð áhersla á menntun. Nú skal freista þess að búa nemendum þannig skilyrði að þeir þroskist á náminu, verði til að mynda hæfari til að hugsa sjálfstætt og gagnrýnið, tjá hugmyndir sínar, eiga samskipti við aðra og geta unnið með öðrum. Jafn vel og þetta hljómar er þó viðbúið að kennarar hiki og þá sérstaklega þeir sem hafa ánetjast þeirri hugsun að kennsla sé fyrst og fremst fólgin í því að kenna á bókina og komast yfir efnið. Nú er von þeir spyrji hvernig hvernig megi taka á málunum. Hvernig högum við okkur? Erindi mitt er hugsað sem stuðningur við kennara sem vilja gjarnan snúa við blaðinu, þróa kennsluhætti sem líklegir eru til að hreyfa við nemendum og stuðla að vitsmunalegum, félagslegum og tilfinningalegum þroska þeirra. Í þessu skyni leita ég í smíðju Guðmundar Finnbogasonar en líka til núlifandi fræðimanna, til dæmis Neil Mercer sem telur að skólastarf gæti eflst verulega ef okkur lærðist að nýta samtalið sem verkfæri til náms og Guy Claxton sem heldur því fram að menntun megi skoða sem þjálfun í að hugsa, skrifa, athuga og tala saman.

Hafþór Guðjónsson, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

„Þú þarft að vera búinn að afla þér þekkingar á mjög mörgum sviðum til þess að geta sýnt góða fagmennsku.“ Reynsla fimm leikskólakennara af eigin fagmennsku, andstæðum viðhorfum í samfélaginu og sýn á leikskóla framtíðarinnar

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á viðhorf leikskólakennara til leikskólakennarastéttarinnar og þeirra þjóðfélagsbreytinga sem hafa orðið frá efnahagshruninu 2008. Áhersla var lögð á að rannsaka reynslu leikskólakennaranna af eigin fagmennsku, upplifun þeirra af viðhorfum samfélagsins til leikskólakennarastéttarinnar og breyttum starfsaðstæðum eftir efnahagshrunið 2008.

Gagnaöflun fór fram skólaárið 2013 og var notast við eigindlega rannsóknarhefð. Tekin voru fimm hálfstöðluð viðtöl við kvenkyns leikskólakennara í Reykjavík og á Akureyri. Leitast var við að svara eftirfarandi fjórum rannsóknarspurningum: Hver er reynsla leikskólakennaranna af eigin fagmennsku, hvernig upplifa leikskólakennarar viðhorf samfélagsins til leikskólakennarastéttarinnar, hvernig hafa starfsaðstæður leikskólakennara breyst eftir efnahagshrunið 2008 og með hvaða hætti birtist undirskipun starfs leikskólakennara með hliðsjón af stöðu stéttarinnar sem kvennastarf?

Helstu niðurstöður sýna að leikskólakennararnir töldu allt starf leikskólans faglegt og að fagmennskan fælist ekki einungis í því sýnilega, heldur væri hún óáþreifanleg og ósýnileg. Þeir voru sammála um að umönnun væri mikilvægur þáttur í leikskólastarfi og undirstaða náms ungra barna en hins vegar voru þeir ósammála um hvort tengsl væri á milli umönnunar og móðurhlutverksins í daglegu starfi leikskólakennarans. Þegar kom að því að ræða mun á fagmennsku leikskólakennara og annarra kvennafagstétta töldu þeir fagmennsku sína viðameiri en fagmennska annarra fagstétta vegna þess hversu yfirgripsmikil hún væri.

Leikskólakennararnir höfðu mismunandi sýn á hvað fælist í aukinni virðingu stéttarinnar en þeir voru sammála um að leikskólakennararnir þyrftu sjálfir að vera sýnilegri. Þeir upplifðu margskonar vanvirðingu frá samfélaginu þar sem fagmenntun þeirra væri til að mynda ekki jafn viðurkennd og fagmenntun grunnskólakennara. Jafnframt voru þeir sammála um að starfsaðstæður þeirra hefðu orðið lakari eftir efnahagshrunið 2008 þar sem mannekla, tímaleysi, minni sveigjanleiki og aukið álag væri algengara nú en áður. Einnig höfðu þeir áhyggjur af framtíð stéttarinnar vegna lengingar námsins, minnkandi aðsóknar í það og lágra launa. Þeim fannst leikskólakennarar ekki fá laun í samræmi við hvað fælist í sjálfu starfinu.

Hanna Rós Jónasdóttir

„Maður var alveg spenntur og svona smá kvíðinn“ Reynsla nemenda á unglingastigi af því að vera í skóla sem lagður er niður og hefja nám í nýjum skóla.

Rannsókn þessi var gerð sem hluti af meistaranámi við Háskólann á Akureyri veturinn 2011-2012 og hafði það markmið að kanna reynslu nemenda á unglingastigi í skólum sem lagðir hafa verið niður og sameinaðir öðrum. Rannsóknin var þríþætt. Í fyrsta hlutanum var aflað frumgagna. Sameiningar grunnskóla af einhverju tagi höfðu orðið í 24 sveitarfélögum á tímabilinu 1. ágúst 2000 til 31. júlí 2011. Þar af höfðu 14 skólar verið lagðir niður en einungis fjórir þeirra voru þá með kennslu á unglingastigi.

Annar hluti rannsóknarinnar var meginleg spurningakönnun lögð fyrir þá sem höfðu verið á unglingastigi í fyrrgreindum fjórum skólum við sameiningu. Þriðji hlutinn var eigindleg viðtalsrannsókn. Niðurstöður annars og þriðja hluta voru samþættar þar sem það átti við.

Undirmarkmið annars og þriðja hluta voru að kanna viðhorf þátttakenda á ýmsum stigum sameiningarferlisins, hverjir hefðu haft áhrif á viðhorf þeirra og hvort tengsl væru milli viðhorfa þeirra í upphafi og í dag. Einnig hver væri reynsla þeirra af sameiningarferlinu, hver ávinningurinn hefði verið og hvað hefði mátt betur fara með tilliti til nemenda. Í rannsókninni var bæði horft til félagslegra og náms- og kennslutengdra þátta

Fram kom að sameining skóla þótti bæði spennandi og kvíðvænleg og í erindinu verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum varðandi viðhorf þátttakenda og áhrif sameingarinnar á líðan, félagslega stöðu, námsgengi og fleira.

Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir og Bragi Guðmundsson

Þróunarverkefni í upplýsingasamfélagi - styrkir til alþjóðasamstarfs

Frá árinu 2007 hefur Brekkuskóli verið í alþjóðlegu samstarfi við fjölmargar þjóðir í fimm mismunandi verkefnum.

Í málstofunni munu Helena og Margrét Þóra kennarar í Brekkuskóla segja frá hvernig skólar geta sótt um styrki hjá Nordplus til þróunarverkefna. Miðla þær reynslu sinni af því að sækja um styrk til þróunarverkefnisins „Rafrænir kennsluhættir“ sem Brekkuskóli á Akureyri vinnur að ásamt tveimur grunnskólum í Noregi og Lettlandi. Í málstofunni munu þær fara yfir hvernig þær fundu samstarfsaðila, hvernig unnið var að umsókninni og hvernig fjárhagsáætlun var gerð. Einnig munu þær greina frá verkefninu sjálfu, hvernig skólarnir þrír skipta með sér verkum og hvaða gildi það hefur fyrir lærdómssamfélagið að efla tengsl við aðrar þjóðir og menningarheima.

Magga og Helena

„Við höfum mjög lítinn tíma til að byggja í skólanum því við þurfum svo mikið að læra“. Að byggja brú á milli leikskóla og grunnskóla

Í fyrirlestrinum er kynnt tveggja ára þróunarverkefni sem lýtur að því að auka samfellu í skóladegi elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans. Verkefnið hófst 2012 og er unnið í samstarfi tveggja sveitarfélaga, Skagafjarðar og Óðinsvéa í Danmörku, styrkt af Comenius Regio. Samfella í starfi barnsins vísar til allra þátta í skólastarfinu, þ.e. ytra sem innra skipulags náms og frístunda, samstarfs faghópa sem vinna með þessum aldurshópum, upplýsingaflæði á milli skólastiga o.s.frv..

Markmiðið er að skoða og þróa aðferðir fagfólks í leikskóla og yngstu bekkjum grunnskóla við að skipuleggja áhugavert og hvetjandi lærdómsumhverfi sem gæti stuðlað að betri samfellu á milli skólastiga. Áhersla er á viðfangsefni, stuðning, skipulag og starfsþróun starfsfólks.

Hinn fræðilegi grundvöllur er skóli án aðgreiningar þar sem börn læra og þroskast best í samfélagi við aðra einstaklinga á jafnræðisgrunni og um starfsþróun kennara sem virka þátttakendur í lærdómssamfélagi.

Þátttakendur miðla sín á milli þekkingu og reynslu m.a. með sameiginlegum vinnulotum, gagnkvæmum vinnustaðaheimsóknum og þátttöku í starfi hvers annars (job-shadowing). Sérstakur stýrihópur heldur utan um verkefnið og hefur hist nokkrum sinnum. Leik- og grunnskólakennarar - átta frá Íslandi og níu frá Danmörku - hafa hist í þriggja auk þess að hafa tekið þátt í nokkrum fjarfundum. Hver þátttakandi hefur dvalið í eina viku í vinnustaðaheimsókn og fengið kollega í heimsókn á sinn vinnustað í jafn langan tíma. Verkefninu lýkur með ráðstefnu í Skagafirði í maí 2014.

Árangur verður metinn með tvennum hætti. Í fyrsta lagi með gagnasöfnun við upphaf og lok verkefnisins um væntingar barnanna til upphafs skólagöngu og um skipulag og vinnubrögð starfsfólks í þátttökuskólum sveitarfélagsins. Í öðru lagi verða skoðuð áhrif á starfsþróun kennaranna sem tóku þátt og hvernig þeir meta ávinning fyrir daglegt starf með börnunum. Við lok verkefnisins verður gerð áætlun um að yfirfæra þekkingu sem áunnist hefur á allt skólasamfélagið.

Helga Harðardóttir kennsluráðgjafi og Selma Reynisdóttir

Starfendarannsókn ráðgjafa á innleiðingarferli aðalnámskrár

Í málstofunni verður gerð grein fyrir starfendarannsókn á aðkomu ráðgjafa miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (msHA) að innleiðingarferli aðalnámskrár grunnskóla. Vorið 2012 óskuðu grunnskólar á Akureyri eftir stuðningi frá msHA við að innleiða nýja aðalnámskrá. Í kjölfarið var skipulagt vinnuferli sem hófst haustið 2012. Það felst í innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og mótun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri menntastefnu í 10 grunnskólum á Akureyri og gert er ráð fyrir að það taki tvö ár. Vinnan byggir á kenningum um námskrá sem virkt og skapandi rannsóknarferli. Það felur í sér námskrárgerð sem byggir á sameiginlegri sýn, ígrundun, fjölbreytni og stöðugri viðleitni skólasamfélagsins til að þróa skólastarfið til betri vegar. Þeir ráðgjafar sem halda utan um vinnuna við innleiðingarferlið meta það samhliða með starfendarannsókn. Rannsóknin hverfist um aðkomu ráðgjafanna/rannsakendanna að innleiðingarferlinu og markmið þeirra er að fylgjast með ferlinu raungerast á vettvangi og læra af því til þess að styrkja og bæta ráðgjöfina í ferlinu. Rannsóknin hefur almennt gildi fyrir skólaþróun vegna þess að innleiðingarferlið markast af hverjum þeim skóla sem tekur þátt og til verða fjölbreytt gögn sem geta upplýst um árangursríkar leiðir til skólaþróunar með stuðningi ráðgjafa.

Helga Rún Traustadóttir, og Sólveig Zophoníasdóttir sérfræðingar msHA

Styðjandi aðhald foreldra nemenda í framhaldsskóla

Í grein sem sem undirritaður ritaði ásamt Dr. Rúnari Sigbórssyni og birtist í 2. tbl. Uppeldis og menntunar 2012, Brotthvarf og námsgengi nemenda í framhaldsskóla: Námsreynsla tveggja hópa nemenda í Verkmenntaskólanum á Akureyri, er greint frá rannsókn er byggði á viðtölum við tvo ólíka hópa nemenda í Verkmenntaskólanum á Akureyri: Nemendur sem gengið hafði vel í grunnskóla og stefndu að námslokum innan tímamarka (B-hópur) og nemendur sem stundað höfðu nám á almennri braut (A-hópur). Niðurstöðurnar voru notaðar til að varpa ljósi á ólíka námsreynslu hópanna. Það reyndi með ýmsu móti á báða hópana að hefja nám í framhaldsskóla. Þó var greinilegt að nemendur B-hópsins tókust á við áskoranir framhaldsskólans af meiri einurð og nutu þess að búa að sterkari trú á eigin getu og hvata til náms. Fleiri nemendur úr þessum hópi glímdu við erfiðleika í lestri og stærðfræði en búist hafði verið við og nokkrir þeirra töldu endurtekið fall í byrjunaráfanga í stærðfræði vera farið að grafa undan trú þeirra á eigin getu í greininni. Enn fremur undirstrikuðu niðurstöður um hópana tvo mikilvægi styðjandi aðhalds frá foreldrum. Í erindinu verður gerð grein fyrir síðasta þættinum með hliðsjón af innlendum og erlendum rannsóknum á þessu sviði.

Hjalti Jón Sveinsson

Spegluð kennsla

Spegluð kennsla (flipped classroom) hefur verið að ryðja sér til rúms, ekki síst vestan hafs með ótrúlega jákvæðum árangri. Starfsfólks Keilis stýrir málstofu um speglaða kennslu. Þættir til umfjöllunar: Hvað er spegluð kennsla? Hvernig fer hún fram? Helstu hindranir. Kostnaður. Kostir og gallar. Reynslan hérlandis. Svar við breyttu umhverfi nemenda? Stórt skref að hlítarnámi.

Hjálmar Árnason framkvæmdastjóri Keilis

Að ganga menntavegininn klyfjaður hæfileikum og gáfum, bölvun eða blessun?

Það er merkilegt hve miklu getur munað í þroska og færni á jafn gömlum nemendum svo ekki sé minnst á þann mikla þroska- og færnimun sem getur verið á þeim nemendum sem fæddir eru sama ár. Hugtakið einstaklingsmiðun er þá kennurum ofarlega í huga og miklar vangaveltur og tilraunir fara í að skipuleggja og aðlaga námsefni að þörfum allra nemenda. Nemendur sem hafa yfir að ráða miklum gáfum og/eða einstaklega miklum hæfileikum á einu eða fleiri sviðum eru títt nefndir bráðgerir. Tvær megin skilgreiningar eru uppi er varða bráðgervi; annarsvegar sú að miklir hæfileikar og bráðgervi fái notið sín í blönduðum hópi með kennsluaðferðum sem taka tillit til allra nemenda og hinsvegar að bráðger börn séu svo ólík hinum „venjulega“ nemanda og hafi svo einstakan hugsunarhátt að þeir þurfi sérúrræði, sérkennslu. Erlendar rannsóknir sýna að þessum nemendum er ekki nógu vel sinnt, þarfir þeirra eru vangreindar og úrræði fá ef nokkur. Hvernig mætir íslenskt skólaumhverfi þessum nemendum?

Hólmfríður Árnadóttir sérfræðingur Miðstöðvar skólapróunar við HA

Vinnan við skólanámskrá í leikskólanum lðavelli

Árið 2011 komu út nýjar aðalnámskrár fyrir öll skólastig, í þeim eru grundvallar breytingar frá fyrri námskrám sem kalla á það að skólar vinni nýjar skólanámskrár.

Í erindinu verður greint frá vinnu starfsmanna í leikskólanum lðavelli við nýja skólanámskrá.

Markmiðið var að semja einfalda og skýra skólanámskrá sem næði yfir alla nauðsynlega þætti og væri jafnframt aðgengileg fyrir foreldra og auðveld í notkun fyrir starfsfólk.

Farið verður yfir vinnuna við námskrána, hver drifkrafturinn var, hvernig áhugi starfsmanna litaði verkið og hver framtíðarsýnin er.

Arnar Yngvason deildarstjóri

„Leikur og lærdómssamfélagið“ Vinaliðaverkefnið í Skagafirði

Í fyrirlestrinum er kynning á Vinaliðaverkefninu en það lítur að skipulagðri afþreyingu í frímínútum grunnskóla. Verkefnið gengur út á að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu og skapa betri skólaanda. Það er norskt að uppruna en var tekið upp sem tilraunaverkefni í skagfirskum skólum síðastliðinn vetur fyrir tilstilli Fræðsluþjónustu Skagafjarðar.

Markmið Vinaliðaverkefnisins er að stuðla að fjölbreyttari leikjum í löngu frímínútum skólanna, að leggja grunn sem gerir nemendum kleift að tengjast sterkum vináttuböndum, minnka togstreitu milli nemenda og hampa góðum gildum svo sem vináttu og virðingu. Samhliða eineltisáætlunum er markmiðið með Vinaliðaverkefninu einnig að draga úr einelti og auka vellíðan nemenda í skólum.

Vinaliðaverkefnið byggir á því að nemendur eru valdir til þess að stýra leikjum í frímínútum. Þeir bera ábyrgð á því að koma áhöldum á rétta staði í löngu frímínútunum og koma þeim aftur á sinn stað. Vinaliðar fá kennslu og þjálfun á leikjanámskeiðum sem verkefnið heldur en einnig fá þeir handbækur þar sem fram koma fjölmargar hugmyndir af afþreyingarmöguleikum. Vinaliðar eru auðkenndir með vestum eða fyrirliðaböndum, þeir leiða leiki á skólalóðinni og tryggja aðkomu og þátttöku allra sem vilja taka þátt í starfinu.

Áhrif verkefnisins hefur verið rannsakað nokkuð í Noregi og hafa niðurstöður verið afar jákvæðar, enda hefur verkefnið vaxið hratt á fáum árum og er nú starfrækt í yfir 1000 skólum á Norðurlöndunum. Í Skagafirði var ákveðið að fara í samstarf við Olweusaráætlunina til þess að kanna áhrif verkefnisins og voru fyrstu spurningar því tengdar settar inn í nóvember 2012.

Inga Lára Sigurðardóttir, verkefnisstjóri Vinaliðaverkefnisins

Próunarsveitarfélag - Ný hugsun í átt að betri framtíð

Verkefni í Grindavík í umsjón Skólaskrifstofu Grindavíkur þar sem unnið er að innleiðingu nýrrar menntastefnu í alla skóla innan sveitarfélagsins, leik-, grunn-, og tónlistarskóla. Á hliðarlínunni er Fisktækniskólinn á framhaldsskólastigi. Markmið verkefnis er að allir skóla sveitarfélagsins vinni saman að innleiðingu að nýrri menntastefnu. Í þeirri vinnu er samstarf og samráð eft milli skóla. Staðið er fyrir markvissum kynningum milli skóla um vinnu hvers skóla í grunnþáttunum. Sem hluta af fyrsta verkþætti var skólastefna Grindavíkur endurskoðuð. Í ferlingu var þátttaka íbúa sveitarfélagsins virkjuð og jákvætt skólastarf styrkt með lýðræðislegum vinnubrögðum.

Staðan í sumar er að fyrir liggur afrakstur af íbúáþingi um skólamál þar sem þátttakendur settu niður hugmyndir um hvernig grunnþættir menntunar ættu að verða sýnilegir í skólastarfi. Að sama skapi liggur fyrir afrakstur hópavinnu starfsmanna allra skóla Grindavíkur um grunnþættina og hvernig er unnið með þá og hverju væri hægt að breyta innan hvers skóla. Hugmyndabanki er þannig tilbúinn fyrir frekari vinnu við gerð skólanámskrár. Á starfsdögum unnu skóla saman þvert á stig og skóla sem bætti upplýsingamiðlun milli stofnana. Allir skólar, foreldrafélög og fræðslunefnd skipuðu fulltrúa í vinnuhóp um endurskoðun skólastefnu. Drög að nýrri skólastefnu eru aðgengileg á heimasíðu Grindavíkurbæjar. Skólar nýta skólastefnuna til að útfæra skólanámskrár á komandi skólaári. Hver skóli geriri áætlun fyrir árið hvernig unnið verði að nýrri skólanámskrá í samræmi við ný vinnubrögð og nýjar áherslur í menntamálum.

Verkefnið á yfirstandandi skólaári ber yfirskriftina Ný hugsun í átt að betri framtíð – Námsmat í nýjum búningi.

Ingibjörg María Guðmundsdóttir sálfræðingur

Lærdómssamfélag í Þelamarkurskóla við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár?

Innleiðing nýrrar aðalnámskrár er nú helsta verkefni flestra skóla. Í Þelamarkurskóla hafa kennarar markvisst nýtt leshringi og umræður um nýju námskrána. Í umræðunum hefur skólastarfið verið speglað í áherslum nýrrar námskrár og kennarar hafa ígrunda eigið starf út frá grunnþáttum aðalnámskrár.

Í umræðunum hefur verið lögð áhersla á að skrá það sem þar kemur fram. Þær hafa verið nýttar til búa til verkefni sem bæta við og efla starfið sem fyrir er í skólanum.

Í málstofunni verður áætlun Þelamarkurskóla um innleiðingu nýrrar aðalnámskrár kynnt. Einnig verður farið yfir umræðupunktana, verkefnin sem hafa orðið til og rætt hvernig þeim hefur verið komið í framkvæmd og hvernig áformað er að meta þau og viðhalda.

Að lokum verður innleiðingarferli nýrrar aðalnámskrár mátað við kenningar fræðimanna um lærdómssamfélagið og kannað hvernig þær eiga við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár í Þelamarkurskóla.

Ingileif Ástvaldsdóttir skólastjóri Þelamarkurskóla

Starfsfóstraverkefnið Workmentor - Málstofa á ensku

The Leonardo da Vinci Project Workmentor will be introduced. The Workmentor Project will transfer the methods of mentoring into the workplace setting when an employee becomes an advisor to a student during a workplacement.

VMA is the organizing partner and other partners come from Wales, England, Netherlands, France, Finland and Norway. The workshop will include presentations on the goals and big ideas, the project work, the outcomes and possible use in the future.

<http://workmentor.vma.is>

Jóhannes Árnason kennari við VMA.

Málstofa um vinnustaðanám

Í málstofunni verður fjallað um vinnustaðanám frá ýmsum hliðum. Ekki er ætlunin að gera einhverja allsherjar úttekt eða tæmandi greiningu á vinnustaðanámi heldur draga fram fjölbreytni í því sem hægt er að kalla vinnustaðanám. Sýnd verða dæmi um vinnubrögð og aðferðir við að undirbúa og fylgjast með nemendum í vinnustaðanámi. Erlendir þátttakendur í verkefninu Workmentor munu lýsa sínum aðferðum við vinnustaðanám en einnig munu fulltrúar VMA og vinnustaða á Akureyri ræða um vinnustaðanám. Vonast er eftir því að hægt verði að útskýra hvað það merkir að nota samkomulag þriggja aðila um vinnustaðanám, sýna dæmi um slíkt m.a. úr VMA og hvernig það er öðruvísi en t.d. iðnnemasamningar.

Jóhannes Árnason kennari við VMA

Nám á fullorðinsárum

Stuttlega verður gerð grein fyrir námi á fullorðinsárum og fjallað um hugmyndir fræðimanna um hvaða námsleiðir henta fullorðnu fólki fremur en yngra fólki eða börnum. Ákvörðun um að fara í framhaldsnám í háskóla á fullorðinsárum er alltaf persónuleg en oft verður námið sjálft leið til að takast á við eigið líf.

Erindið mun byggja á rannsókn þar sem rætt var við fólk sem valdi að stunda framhaldsnám til meistarprófs í háskóla á fullorðinsárum og lauk því. Tekin voru viðtöl við tuttugu manns, konur og karla og þau spurð um námsferlið, áhugahvötina, tilfinningar, leiðsögn, kennslu og ávinning. Fjallað verður um nokkrar niðurstöður rannsóknarinnar og litið á samhengið á milli námsins sjálfs, persónulegra þátta, s.s. aðstæðna nemenda og fræðilegra þátta.

Niðurstöður rannsóknarinnar ættu að geta aukið skilning nemenda á eigin námi en ekki síður kennara á þörfum nemenda sem stunda framhaldsnám í háskóla.

Kristín Aðalsteinsdóttir, prófessor

Fjármálalæsi – Tilraunverkefni mennta-og menningarmálaráðuneytisins

Starfshópur hefur verið starfandi á vegum ráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja til að efla fjármálafræðslu í grunn – og framhaldsskólum.

Markmiðið er að efla þessa fræðslu í skólakerfinu markvisst með hliðsjón af gildandi lögum og aðalnámskrám í samráði við ýmsa aðila. Á síðastliðnu skólaári tóku sex skólar á landinu þátt í tilraunaverkefninu og á þessu skólaári munu álíka margir skólar bætast í hópinn.

Tilraunaverkefnið verður kynnt og rætt um námsefni sem hægt er að nýta til að efla fjármála- og neytendavitund nemenda. Farið yfir áherslur á fjármálalæsi í nýrri aðalnámskrá.

Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir og Mjöll Matthíasdóttir grunnskólakennari

Að leggja grunn að góðu læsi

Menntastefna nýrrar aðalnámskrár byggir á sex grunnþáttum menntunar sem hafa skal að leiðarljósi við námskrárgerð á öllum skólastigum allt frá leikskóla til framhaldsskóla. Einn þessara grunnþátta er læsi í víðum skilningi.

Í málstofunni verður fjallað um það hvað átt er við með læsi í víðum skilningi og hvernig læsi tengist öðrum náms- og þroskaþáttum, s.s. málþroska, vitsmunþroska, félagsþroska og samskiptaskilningi. Fjallað verður um helstu undirstöður læsis og hvernig byrjað er að leggja grunn að læsi strax á fyrstu æviárum barna og hvernig sá grunnur sem þá er lagður getur haft áhrif á læsiþróun langt fram eftir aldri. Sagt verður frá íslenskum og erlendum rannsóknum á þessu sviði og hvaða ályktanir má af þeim draga um æskilegar áherslur í skólastarfi.

Þó sjónum verði einkum beint að leikskólastiginu og þeim þáttum sem leggja þarf rækt við á leikskólaárunum á málstofan ekki síður erindi við kennara á öðrum skólastigum. Rætt verður um það hvað kennarar ólíkra skólastiga geta lært af hver öðrum og hvernig skapa má betri samfellu í læsinnámi frá leikskóla til framhaldsskóla.

Rannveig Oddsdóttir, B.Ed. leik- og grunnskólakennari, doktorsnemi og sérfræðingur við miðstöð skólaþróunar HA

Torg sem vettvangur símenntunar

Þörf er á nýrri hæfni í skólastarfi til að mæta hröðum breytingum í heimi upplýsingatækni þjóðfélagsins. Hefðbundin símenntun kennara uppfyllir ekki nægilega vel þörf kennara fyrir þekkingu og hæfni til að mæta þessum breytingum. Starfssamfélög hafa möguleika á að verða vettvangur fyrir starfsþróun með því að stuðla að auknu upplýsingaflæði og þekkingarsköpun milli þátttakenda. Erindið er kynning á starfssamfélögunum sem myndast hafa um tiltekin svið faggreina og kennarahópa, nánar verkefnin Náttúrutorg, Sérkennslutorg, Tungumálatorg og MenntaMiðju. Fjallað verður um tilurð, markmið og viðfangsefni torganna en þau tengjast öll samstarfi og símenntun kennara þar sem deilt er reynslu og þekkingu varðandi nám og kennslu. Starfsemi torganna einkennist af þrem þáttum: vinnustofum og fundum; samfélagi eða hóp á samfélagsmiðlum og vefsíðum torganna.

Fjallað verður um samskipti og þekkingarsköpun innan starfssamfélaga (e. communities of practice), með áherslu á hvernig megi stuðla að samlegðaráhrifum milli ólíkra starfssamfélaga. Athygli verður beint að notkun samfélagsmiðla innan starfssamfélaganna. Greint verður frá virkni hópa á samfélagsmiðlum og þróun samræðna og samstarfs þeirra með sérstöku tilliti til kosta og galla mismunandi samfélagsmiðla í tengslum við uppbyggingu starfssamfélaga. Skoðaðar verða umræður sem skapast í hópunum, hverjir leiða umræðurnar og hlutverk verkefnastjóra hvers torgs í að hvetja til umræðna og halda virkni í hópum.

Upp úr samstarfi í kringum torgin hefur orðið til samráðsvettvangur um skólastarf sem kallast MenntaMiðja. Henni er ætlað að byggja brýr milli aðila innan skólasamfélagsins og skapa vettvang til samstarfs með gagnkvæman ávinning aðila að leiðarljósi. Rætt verður um hvernig bakland MenntaMiðju styður við verkefni tengd torgunum og hvaða gildi það hefur fyrir þróunarverkefni að hafa bein tengsl við fræðasamfélag háskóla sem og hagnýt verkefni háskólanema við þróunarstarf á vettvangi skóla.

Í lokin verður horft til framtíðar, hvernig verkefnin megi best mæta markmiðum sínum að styrkja fagþekkingu, samstarf og símenntun innan skólasamfélagsins.

Svava Pétursdóttir, nýdoktor/verkefnastjóri Náttúrutorgs, Tryggvi Thayer, Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir og Hanna Rún Eiríksdóttir

„Rétt notkun spjaldtölva í kennslu“? Tvær ólíkar leiðir að sama markmiði

Menntakerfin hafa skipst í tvær fylkingar þegar kemur að notkun spjaldtölva í kennslu: one-on-one, þar sem hver nemandi fær spjaldtölvu eða annan búnað til afnota og lög er áhersla á notkun þeirra við námið og svo „Blended Learning“ þar sem aðrir miðlar og tækni eru notuð í náminu. Hverjir eru möguleikarnir þegar kemur að þessu ólíku leiðum og hvor er líklegri til að verða ofan á í íslensku menntakerfi?

Svavar Þór Guðmundsson sérfræðingur

Hvað er eru góð vinnubrögð í kennslu sem byggir á tölvusamskiptum?

Mat á fjarkennslu VMA

Í nýlegu meistaraverkefni höfundar var mat lagt á það hvort, eða að hvaða marki, framkvæmd fjarkennslu VMA samræmdist viðmiðum um góð vinnubrögð í tölvustuddu fjarnámi. Í málstofunni verður gerð grein fyrir þessu matsverkefni, þeim gæðaviðmiðum sem stuðst var við, upplýsingum um starfsemina sem matið byggði á og ályktunum sem af þeim voru dregnar um það sem vel hefur verið gert og það sem betur má fara. Í málstofunni verður megináhersla lögð á umfjöllun og umræðu um góð vinnubrögð við skipulag og framkvæmd kennslu sem byggir á tölvusamskiptum.

Hermann Tómasson

Fágæti og furðuverk - Lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla

Lengi hefur legið fyrir að stúlkur standa drengjum framar í læsi og í íslenska hluta PISA rannsóknanna frá 2000 til 2009 kemur kynjamunur í lesskilningi vel fram drengjum í óhag.

Niðurstöður sem þessar urðu til þess að hafist var handa við að þýða og staðfæra enska verkefnið Curiosity Kit sem fékk nafnið Fágæti og furðuverk. Markmið verkefnisins er að hvetja nemendur og fjölskyldur þeirra til aukins lestrar og sömuleiðis að styðja fjölskyldur nemenda til að lesa og leika sér með börnum sínum.

Verkefnið var fyrst tilraunakennt í þremur grunnskólum og síðan rannsakað í einum skóla. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að lesefnið og verkefnin sem nemendum var boðið höfðuðu vel til áhugasviðs drengja. Í viðtölum við nemendur í lok verkefnisins var sérstaklega hlustað eftir athugasemdum og mati drengja sem átt höfðu í erfiðleikum með lestur. Engin neikvæð athugasemd kom frá þeim um verkefnið. Drengirnir sýndu verkefninu almennt meiri áhuga en stúlkurnar. Skýrt kom í ljós að bæði nemendur og foreldrar voru ánægðir með samstarfið sem verkefnið bauð upp á. Samt sem áður kom fram í niðurstöðum að foreldrar drengjanna virðast sinna hlutverki sínu gagnvart námi barna sinna verr en foreldrar stúlnanna og minni skuldbinding var við nám drengjanna en stúlnanna.

Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur á miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Forysta í fjölmennningarumhverfi

Á málstofunni verður velt upp þeirri spurningu hvernig forysta hentar best í fjölmennningarlegu skólasamfélagi. Hlutverk stjórnandans sem leiðtoga verður skoðað annarsvegar út frá hugmyndafræði um dreifða forystu (e. distributed leadership) og umbreytandi forystu (e. transformational leadership) og hinsvegar lýðræðislega forystu (e. democratic leadership) og forystu án aðgreininngar (e. inclusive leadership).

Helgi Þorbjörn Svavarsson

Ég, samskipti og samfélagið - Nýr áfangi fyrir starfsbrautarnemendur við VMA

Áfanginn ÉSSXS24 (Ég, samskipti og samfélagið) var tilraunakenndur á vorönn 2013. Markmið verkefnisins er að skapa heildstæðan áfanga í kynja- og kynfræðslu fyrir nemendur á starfsbraut sem einnig gæti nýst nemendum á öðrum brautum. Í þessum áfanga öðlasta nemendur aukna færni í félagslegum samskiptum og eigi auðveldara með að tala um tilfinningar sínar og reynslu og kemur það inná grunnþættina heilbrigði og velferð, lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Að nemendur verði meðvitaðri um eigin þarfir, hvað sé rétt og rangt og geti tekið ákvarðanir í samræmi við það. Einnig að skapa jákvætt viðhorf nemenda gagnvart kynhneigð, kynferði og mismun kynjanna og að nemendur verði læsir á skilaboð samfélagsins varðandi þessa þætti. Þá verður nemendum kynnt mikilvægi þess að hlúa að sjálfum sér og þá t.d. með því að fjallað verður um almenna hirðu líkamans, daglegt hreinlæti, líkamsþjálfun og næringu. Með því eru nemendur undirbúnir undir daglegt líf í sjálfstæðri búsetu.

Sigrún Fanney Sigmarsdóttir þroskaþjálfari og kennari og Snorri Björnsson kennari við

Verkmenntaskólann á Akureyri

What Might Large Scale Arts Assessments Mean For You?

This paper provides an overview of the National Assessment of Educational Progress (NAEP) Arts Assessment that was administered to a nationally representative sample of 2004 eighth grade US students. Three previously unreported relevant 2008 NAEP findings or takeaways from three years of working with the NAEP restricted data and the NAEP Data Explorer (NDE) will be presented.

Abstract

This paper provides an overview of the National Assessment of Educational Progress (NAEP) Arts assessment in particular the 2008 assessment that was administered to a nationally representative sample comprised of 2004 eighth grade American students. The NAEP Consortium (Diket, Xu, & Brewer) want to share three previously unreported relevant 2008 NAEP findings or takeaways from three years of working with the NAEP restricted data and the NAEP Data Explorer (NDE).

The first finding indicates that when comparing total student scores between 2008 and 1997, art educators maintained a steady impact of student art achievement despite a reduced work force and a more economically disadvantaged population. Teachers are doing more with less and maintaining similar art achievement scores. Second, Arndt's 2012 NDE example shows that students scores were significantly higher only for those who received art instruction from full time or part time art specialist, and not from, artists-in-residence, elementary classroom teachers, other faculty, or volunteers. Obviously these finding have enormous implications for teacher preparation, educational policy, and are extremely important when it comes to addressing the question of who should be delivering art education teaching and learning. As for the question of what teaching and learning could look like, this is where the third finding comes into play. In an abridged version of the full-blown research report (Diket, Xu, & Brewer, 2015), we see that visual arts educators are advised to consider using an aspiration learning approach where visual arts curriculum, instruction, and assessment are guided by the aggregation of arts knowledge, employing technical knowledge and skills, that lead to determining aesthetic properties, and interpretations and meaning making in student art works. Each one of these finding will be discussed.

Thomas M. Brewer

University of Central Florida, Orlando, FL, USA

2013 Fulbright Scholar, University of Akureyri

Málstofa um kynjafræði

Kynjafræði (FÉL273) er nýr áfangi við VMA, en hann var fyrst kenndur á síðustu vorönn. Nemendur kynnast kenningum kynjafræðinnar með því að skoða stöðu kynjanna á ýmsum sviðum samfélagsins s.s. innan fjölskyldunnar, á vinnumarkaði, í stjórnmálum, íþróttum,

fjölmíðlum, o.fl. Einnig fræðast nemendur um kynbundið ofbeldi og klámvæðingu og sögu jafnréttisbaráttunnar.

Leitast er við að svara spurningum eins og: Er staða kynjanna ólík? Hvernig þá? Af hverju? Þurfum við að breyta einhverju? Hvernig gerum við það?

Reynt er að vekja nemendur til meðvitundar um réttindi sín varðandi jafnréttismál og þjálf þá í að greina samfélagið með kynjagleraugum.

Markmið:

- Að nemendur kunni skil á grundvallarhugtökum í kynjafræðum.
- Að nemendur afli sér þekkingar á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi fyrr og nú.
- Að nemendur þjálfist í að taka þátt í umræðum og koma skoðunum sínum og hugmyndum á framfæri.
- Að nemendur þjálfist í að líta á samfélagið út frá sjónarhorni mismunandi þjóðfélagshópa.
- Að nemendur verði meðvitaðir um áhrif jafnréttisbaráttunnar fyrr og nú.

Í málstofunni verður efni áfangans kynnt, tildrög hans rædd og framtíð. Hvaða erindi á þetta efni við nemendur allra skólastiga og hvernig kennum við það? Jafnréttismál í skólum rædd eftir því sem tími gefst til.

Snorri Björnsson kennari við VMA

Endurskoðun skólanámskrár. Faglegt lærdómssamfélag um starfsþróun

Kennarar skulu vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverjum stað. Það er á ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá. Í aðalnámskrám leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla 2008 er birt ný menntastefna og þar með ýmsar róttækar nýjungar sem gefa kennurum tækifæri til að bæta skólastarfið og efla fagmennsku sína í starfi. Í þróun skólanámskrár þarf að rýna alla þætti skólastarfsins; greina sérkenni og áherslur skóla, laga grunnþætti að skólastarfinu, útfærsla viðmiðunarstundaskrár, skipuleggja námsmat og mat á skólastarfinu og fjölmarga aðra þætti, s.s. foreldrastarf, stuðning við nemendur, tengsl við heimabyggð, ...

Í málstofunni verður fjallað um fagmennsku kennara og eðli lærdómssamfélaga í skólum. Stofnun faglegs lærdómssamfélags um nýsköpun skólanámskrár er kjörinn vettvangur til skólaþróunar og starfsþróunar kennara og stjórnenda.

Sigurjón Mýrdal, deildarstjóri í Mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Menningar- og náttúrulæsi í MA

Árið 2010 var ný námskrá tekin í gildi í MA. Ein stærsta breytingin á námskránni fólst í svokölluðum Íslandsáföngum sem eru kenndir í 1. bekk og eru samþættir áfangar annars vegar í félagsgreinum, íslensku og upplýsingatækni og hins vegar í náttúrugreinum, íslensku og upplýsingatækni. Áfangarnir sem heita núna menningar- og náttúrulæsi eru talsvert frábrugðnir öðrum áföngum í MA, samvinna kennara er með öðru sniði, kennsluhættir einkennast í meira mæli af margvíslegri verkefnavinnu og það reynir á nemendur á annan hátt heldur en í „hefðbundnu“ bóknámi. Áfangarnir tveir hafa slitið barnsskónum og í málstofunni greina Arnar Már Arngrímsson og Sverrir Páll Erlendsson frá kennsluaðferðum í áfanganum og þeim áherslubreytingum sem orðið hafa.

Arnar Már Arngrímsson og Sverrir Páll Erlendsson

Ofnæmi og óþol, sérfæði og matarpakkar

Guðrún Aldófsdóttir matvælafræðingur og Ólöf Erla Ingólfssdóttir matartæknir

Að lesa innihaldslýsingar á umbúðum matvæla

Þóra Ýr Árnadóttir matvælafræðingur

Stjórnunarhættir í leikskóla : reynsla deildarstjóra af hlutverki sínu og annarra í stjórnendateyminu

Kynntar eru niðurstöður eigindlegrar rannsóknar sem gerð var í einu af stærsta sveitarfélagi landsins. Í rannsókninni voru tekin viðtöl við átta deildarstjóra af leikskólum sem höfðu reynslu af því að vinna með öðrum stjórnendum í stjórnendateymi. Markmið rannsóknarinnar var að fá sýn þeirra og upplifun á stjórnunarhlutverki sínu og hvernig samstarfi við aðra stjórnendur er háttað.

Niðurstöður sýndu að einungis þrír af átta deildarstjórum töldu sig vinna vel í samstarfi við aðra stjórnendur og hafa vald til að taka allar ákvarðanir er snúa að þeirra deild. Þá kom fram að meirihluti deildarstjóranna töldu sig ekki hafa fullt vald sem stjórnendur og voru óvissir um hlutverk sitt.

Samstarf við aðra stjórnendur væri oft ábótavant ásamt því að þeir töldu hlutverk sitt vera meira eins og verkstjórar frekar en stjórnendur. Þá kom fram að tímaskortur hamlaði því að deildarstjórar næðu að ræða saman um faglegt starf og þörf væri á að skoða það nánar. Deildarstjórnarnir upplifa starfs sitt gefandi þrátt fyrir auknar kröfur en telja jafnframt að dreifstýring þurfi að vera meiri.

Agnes Bryndís Jóhannesdóttir, B.Ed.-M.Ed. Aðstoðarleikskólastjóri leikskólanum Kiðagil

Rafræn kennsla

Spegluð kennsla (e. Flipped classroom) er kennsluaðferð sem hefur verið að ryðja sér rúm innan íslenska skólakerfisins undanfarin ár. Kennsluaðferðin er ung en vísbendingar eru um aðferðin henti vel þegar litið er til kröfunnar um einstaklingsmiðað nám og jafnari námsárangur innan bekkja. Í umræðunni um speglaða kennslu hefur áheyrslan oftast en ekki verið á kennslumyndbandið í stað kennslufræðanna sem mögulegt er að hagnýta með kennsluaðferðinni.

Í heimi vaxandi margmiðlunar er mikilvægt að skólasamfélagið fylgi þróuninni sem er að eiga sér á þeim vettvangi og nálgist nemendur í þeim heimi sem þeir hrærast. Með rafrænu námsefni getur kennarinn komist inn í tölvuna, spjaldtölvuna, símann eða hvaða annað snjalltæki sem nemendur hafa undir höndum. Með því móti hefur skólasamfélagið nálgast nemann þar sem hann er í stað þess að vera í sífelldri togstreitu um athygli hans innan og utan kennslustofunnar.

Unnið er að tilraunverkefni með rafrænt námsefni í fyrsta áfanga í efnafræði við Menntaskólann á Akureyri þar sem fléttað er saman rafrænni bók, speglaðri kennslu sem byggir á hlítarnámi (e. mastery learning) og Moodle námskerfinu. Í hlítarnámi er gert ráð fyrir því að nemendur sanni að þeir hafi náð tökum á einum hluta námsefnisins áður en þeir takast á við þann næsta þ.e. að þeir ljúki einhverskonar prófi fyrir hvern hluta námsefnisins. Þetta hefur í raun staðið í vegi fyrir hlítarnámi þar sem það kallar á mikla yfirferð á verkefnum fyrir kennarann. Með tilkomu Moodle eða annarra námskerfa má gera þennan þátt sjálfvirkkan og kennarinn getur því einbeitt sér að því að greina hvar nemendur þurfa frekari aðstoð svo sem með úrlausnir á verkefnum sem eru unnin innan kennslustofunnar.

Guðjón Andri Gylfason

M.Sc. lífefnafræðingur

Efnafræðikennari við Menntaskólan á Akureyri

Nýtt heildstætt námsefni í íslensku á mið- og unglingastigi

Í fyrirlestrinum verður fjallað um nýtt heildstætt námsefni í íslensku á mið- og unglingastigi. Greint verður frá því hvernig sífellt þarf að fylgjast með straumum tímans og laga námsefnið að þörfum nýrrar kynslóðar og nýrrar námskrár. Þetta hefur Skólavefurinn gert, m.a. með hjálp nýrrar tækni.

Í vali bókmenntatexta er þess gætt að nota megi þá í umræðu um félagsleg og siðferðisleg máefni á líðandi stund – í anda nýrrar aðalnámskrár. Verkefnabækur, sem jafnframt eru kennslubækur í málfræði og málnotkun, eru þannig úr garði gerðar að þar skiptist á leikur og lærdómur.

Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við kennara. Vandað stuðningsefni handa þeim er í sífelldri vinnslu.

Skólavefurinn er í fararbroddi í rafrænni kennslutækni en býður jafnframt upp á allt efni prentað.

Baldur Hafstað og Ingólfur B. Kristjánsson

Mindstorms frá LEGO

Kynnt verður ný tegund af MINDSTORMS vélmenni frá LEGO og nýju forriti sem býður upp á ótrúlega möguleika í kennslu.

MINDSTORMS er kennsluefni frá LEGO sem samanstendur af vélmenni (þjarki) og forriti til að forrita vélmennið. Markmiðið með Mindstorms er að vekja áhuga nemenda á vísindum og tækni í gegnum einfalda forritun. Á kynningunni verður kynnt ný tegund af Mindstorms vélmenni sem kallast EV3 og nýjungar í kennsluefni sem fylgir með í forritinu. Mikil áhersla var lögð á það hjá LEGO að tengja verkefni við markmið í námskrám og fjölga nýtingarmöguleikum EV3 í kennslu.

MINDSTORMS vélmennin eru órjúfanlegur hluti af First Lego League keppninni sem haldin er árlega út um allan heim en verkfræðisvið Háskóla Íslands hefur haft veg og vanda af keppninni hér á Íslandi undanfarin ár.

Unnur Jónsdóttir kennari í upplýsingatækni við Vættaskóla.